



# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289

**FFSÍ**

*Alþingi*

*Erindi nr. P/37/528*

*komudagur 7.7.2009*



## Félag skipstjórnarmanna

Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • Sími 520 1280 • Bréfasími 520 1289 • Netfang: skipstjorn@skipstjorn.is  
Vefsíða: www.skipstjorn.is • Skipagötu 14 • 600 Akureyri • Sími 520 1290 • Bréfasími 462 5251

**Nefndasvið Alþingis**

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd**

**Austurstræti 8-10**

**150 Reykjavík.**

**Efni: Frumvarp til laga um Hvali.**

Samtök skipstjórnarmanna (Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Félag skipstjórnarmanna) telja frumvarpið óþarft með tilliti til gildandi laga og reglugerða um hvalveiðar.

Sérstaklega munu þau ákvæði er varða árlega útgáfu veiðileyfa setja atvinnugreinina í uppnám.

Eðli máls samkvæmt er það allmikið mál að gera út veiðiskip til veiða á stórhvelum og jafnframt vera með rekstrahæfa móttöku og vinnslustöð.

Hætt er við að ekki verði mikill áhugi á starfrækslu veiðiskipa og vinnslustöðvar ef vafi leikur á frá einu ári til annars hvort viðkomandi sem hefur slíkan rekstur með höndum fær úthlutað leyfi til hvalveiða á næsta ári eða ekki.

Þessu til viðbótar gerði fyrirkomulagið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu starfsöryggi þeirra sem í greininni starfa nánast að engu.

Samkvæmt upplýsingum sem samtökin hafa aflað sér þarf að panta suma rekstrarvöru sem nauðsynleg er við veiðarnar með mjög löngum tímafyrirvara sem setti rekstraraðila sem enga vissu hefði fyrir áframhaldandi rekstri í mikinn vanda.

Reykjavík 6. Júlí 2009.

Virðingarfyllst

F.h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og

Félags skipstjórnarmanna.



Árni Bjarnason



Guðjón Ármann Einarsson